

IX. KAFLI

Rekstur bifreiðastæða og gjaldtaka fyrir notkun þeirra.

30. gr.

Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar annast gerð og rekstur almennra bifreiðastæða, ýmist í landi bæjarsjóðs eða á landspildum, sem sérstaklega eru teknar á leigu í þeim tilgangi.

31. gr.

Heimilt er að semja við eigendur einkabifreiðastæða um tímabundin afnot þeirra og útleigu til almennings.

32. gr.

Heimilt er bæjarráði að fengnu leyfi dómsmálaráðherra að framselja vald sitt skv. IV. kafla til fyrirtækis er tekur að sér eftirlit með stöðubrotum.

X. KAFLI

Gildistaka o.fl.

33. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi þegar í stað.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar, 16. ágúst 2005.

Akureyri, 18. ágúst 2005.

F. h. bæjarstjórnar,

Inga Þöll Þorgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um eftirlit og skráningu
á afli aðalvéla íslenskra skipa, nr. 610/2003.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr.

Tilgangur reglugerðarinnar er að afl aðalvéla sé skráð með öruggum og samhæfðum hætti.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Fyrir nýjar vélar í skipum sem teknar eru í notkun eftir gildistöku reglugerðar nr. 610/2003 skal aflið mælt skv. ISO-staðli 3046 eða öðrum viðeigandi alþjóða- og landsstöðlum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, 13. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með

síðari breytingum, og 4. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Snæfellsbæ.

Brekkan í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 8. júní 2005 deiliskipulag fyrir Brekkuna í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir nýju íbúðahverfi í Brekkunni í Ólafsvík.

Fossahlíð í Ólafsvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2005 deiliskipulag fyrir Fossahlíð í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur parhúsum við Engihlíð í Ólafsvík.

Deiliskipulagsauglýsing þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 17. ágúst 2005.

Smári Björnsson byggingarfulltrúi.

GJALDSKRÁ

fyrir Borgarfjarðarhöfn.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Borgarfjarðarhöfn, sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps, er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. I.

Gjaldskráin er við það miðuð að höfnin geti haft tekjur til þess að standa undir rekstri hafnarinnar, sbr. 5. tölulíð 3. gr. hafnalaga.